

Reykjavík 23. ágúst 2021

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Efni: Umsögn Samorku um undirbúning að uppfærðri landsskýrslu um innleiðingu Árórsarsamninginn. Samráðsgáttarmál nr. 146/2021.

Í Samráðsgátt stjórnvalda var með máli nr. 89/2018 kynnt drög að aðgerðaráætlun um Árórsarsamninginn. Samorka veitti [umsögn um málið þann 29. ágúst 2018 og](#) kom það með athugasemdir og ábendingar um ýmsa þætti áætlunardraganna.

Í ljósi þeirra fjölmörgu aðgerða sem vinna átti að samkvæmt áætluninni væri æskilegt að samantekt á stöðu einstakra aðgerða og þá niðurstöðum þar sem það á við, væri tekin saman og kynnt með formlegum hætti.

Í því samhengi væri einnig æskilegt að slík samantekt væri sett í samhengi við þá rannsókn sem umhverfis- og auðlindaráðuneyti lét vinna í tengslum við undirbúning á heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, sem birtist í skýrslu Aagotar Vigdísar Óskarsdóttur lögfræðings „Samanburður á löggjöf nokkurra nágrannaþjóða um mat á umhverfisáhrifum“.

Gera verður ráð fyrir að einmitt staða þessara aðgerða myndi eina grunnstoðina í skýrslu Íslands um innleiðinguna auk þeirrar stoðar sem kemur fram í framangreindri skýrslu Aagotar Vigdísar Óskarsdóttur lögfræðings.

Um leið og Samorka þakkar tækifærið til að koma að framangreindum hugleiðingum málið fögnum við því að fá tækifæri til að veita umsögn um drög að landsskýrslunni þegar þar að kemur.

Að öðru leyti vísar Samorka til umsagna einstakra aðildarfélaga sinna um málið.

**Virðingarfyllst,
f.h. Samorku**

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur